

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júlí 2026

Skráð atvinnuleysi í júlí var 4,0%

Skráð atvinnuleysi í júlí var 4,0% og var óbreytt milli mánaða. Í júlí 2025 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 8.423 atvinnulausir í júlí, 4.920 karlar og 3.502 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 90 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,5% en minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2%.


Alls komu inn 197 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í júlí.

Atvinnulausir voru 8.640 í lok júlí, 4.981 karl og 3.659 konur.

Í júlí voru 379 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi standi í stað á milli mánaða og verði á bilinu 3,9-4,0% í ágúst.

Próun atvinnuleysis frá júlí 2024 til júlí 2026



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi stóð í stað milli mánaða og var 4,0% á landinu sem heild. Þróun atvinnuleysis var þó ólík eftir landshlutum. Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum eða um 0,3% en hækkaði mest á Vesturlandi eða um tæp 0,2%.

Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum fimmta mánuðinn í röð og fór úr 5,8% í 5,5%. Er það 0,1% minna atvinnuleysi en var í júlí 2025 þegar það var 5,6%.

Atvinnuleysi var 4,5% á höfuðborgarsvæðinu í júlí mánuði og 3,2% að meðaltali á landsbyggðinni. Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,2%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júní og júlí.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna yfir landið allt í júlí og á flestum landssvæðum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Vestfirðum þar sem atvinnuleysi var 2,8% meðal karla en 1,6% hjá konum. Á Suðurlandi var atvinnuleysi hjá konum hins vegar 3,7% og 3,3% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla 4,8% en 4,1% hjá konum og á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 3,3% en 3,1% hjá konum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júlí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.640 í lok júlí, 4.981 karl og 3.659 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 266 frá lokum júní og atvinnulausum konum fækkaði um 67.


Alls voru 2.165 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok júlí og fækkaði um 109 frá lokum júní.

Alls höfðu 1.565 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí. Í júlí 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.548 og nemur fjölgunin 17 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1,942 í júlí síðastliðnum en voru 2,025 í júlí 2025.


Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok mánaðar fækkaði heilt yfir í júlí þó að fjölgað hafi lítillega í nokkrum greinum. Mest var fækkunin í veitingaþjónustu þar sem fækkaði um 77 og í gistiþjónustu þar sem fækkaði um 67. Mest fjölgun var í opinberri þjónustu og skyldum greinum þar sem fjölgaði um 4.




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.600 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fækkaði um 286 frá því í lok júní. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 53% í lok júlí.



Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi var 7,9% í júlí samanborið við 2,5% hjá Íslendingum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok júlí 2026




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.797 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fáir þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí voru gefin út 194 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 104 einstaklingar, 15 fóru til Grikklands og 8 til Litáen. 6 fóru til Spánnar og 4 til Tékklands. Þá voru gefin út 19 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.


Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru
EES ríki, júlí 2026



Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 197 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 152 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 62% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 12% á Norðurlandi eystra og 10% á Suðurnesjum. Þá voru tæplega 16% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í
júlí 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í júlí voru 379 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 225 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.